

# Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 26. árg.

September 2011

## Jesús tekur á móti þér!

*Ó, Jesús bróðir besti  
og barnavinur mesti,  
æ, breið þú blessun þína  
á barnæskuna mína.*

*Mér gott barn gef að vera  
og góðan ávöxt bera,  
en forðast allt hið illa,  
svo ei mér náí' að spilla.*

Þannig hefst hinn þekkti barnasálmur eftir Pál Jónsson sem við þekkjum svo mörg. Þegar ég heyri hann hljóma tek ég ósjálfrátt undir í huganum og minningar vakna. Ég var svo heppinn að fá að vera barn í sunnudagaskóla. Ég var ekki hár í loftinu þegar Bogi frændi - sem flestir þekktu sem Boga á Ástjörn - fór að taka mig með í sunnudagaskólann. Hann ók um þorpið á Bronco jeppa sem hann átti og sótti okkur í sunnudagaskólann. Stundum fór hann jafnvel nokkrar ferðir því honum var það hjartans mál að við sæktum sunnudagaskóla. Sunnudagaskólinn fór fram í kennslustofu í Glerárskóla. Umsjón með starfinu höfðu auk Boga mætir menn úr Sjónarhæðasöfnuði á Akureyri. Söngur, gleði, lifandi frásagnir og leikir einkenndu þetta sunnudagaskólastarf. Þegar Glerárprestakall var stofnað og fékk sinn prest fyrir tæpum 30 árum tók söfnuðurinn við sunnudagaskólanum. Frá þeim tíma hefur verið sunnudagaskóli á vegum Þjóðkirkjunnar norðan Glerár, stundum á laugardögum, stundum á sunnudögum, en alltaf til staðar fyrir börn og fullorðna.

Það er dýrmætt að heyra í foreldrum sem er það hjartans mál að börnin þeirra sækja sunnudagaskóla. Af samtali við fólk verður um leið ljóst að aðstæður fólks eru mismunandi og sumir eiga þess frekar kost að mæta með börnin sín í sunnudagaskóla, meðan aðstæður hjá öðrum eru þær að þau eiga ekki heimangengt. Þá er gott að eiga nágranna, vinkonu eða vin, sem grípur börnin með í sunnudagaskólann.

Ég upplifi að það er Jesús sem tekur á móti mér í hvaða aðstæðum sem er í lífinu. Hvort sem ég er í hlutverki sjómannsins sem kemur þreyttur heim úr róðri eða einstaklingsins sem þykja öldur lífsins háar og róðurinn erfiður, má ég vita að Jesús stendur á ströndinni með útbreiddan faðm. Þessi lífssýn mín mótaðist meðal annars vegna þess að ég sótti sunnudagaskóla sem barn. Ég vona að þú getir gefið barninu þínu slíkt tækifæri. Það er fjársjóður fyrir hjartað að vita: Jesús tekur á móti mér.

*Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni*



Þessa dagana stendur yfir sýning í Glerárkirkju á eftirprentunum af biblíumyndum sem notaðar voru við kennslu í skólum bæjarins hér áður fyrr. Höfundur flestra þeirra er *Elsie Anna Wood* (1887 - 1978).

*Miðvikudagskvöldið 28. september kl. 20:00*

*verður fræðslukvöld um listamanninn  
og myndirnar í Glerárkirkju.*

Myndirnar eru eign Minjasafnsins á Akureyri.

## Vetrarstarf KFUM og KFUK í Sunnuhlíð er farið af stað og eru fundir sem hér segir:

- 4.-7. bekkur stelpur  
mánudaga kl. 17.30-18.30
  - 4.-7. bekkur strákar  
þriðjudaga kl. 17.30-18.30
  - 8.-10. bekkur bæði kyn  
fimmtudaga kl. 20.00-21.30
  - KNS fyrir 16 ára og eldri  
Annann hvern föstudag kl. 20.00
- Þátttaka í starfinu er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir.
- Nánari upplýsingar veitir Jóhann í síma 462-6630 eða á netfangið [johann@kfum.is](mailto:johann@kfum.is)



Unglingastarfið í Glerárkirkju er fjölbreytt. Á vordögum fór hópur úr starfinu til Reykjavíkur. Í ferðinni fékkst hópurinn meðal annars við þá áskorun að sigrast á klifurvegnum í Gufunesbæ í Reykjavík.

## MeM - Mannréttindi eru mikilvæg

**MeM** er skammstöfun sem stendur fyrir „Mannréttindi eru Mikilvæg.“ Hér er á ferðinni lifandi og skemmtilegt námskeið fyrir krakka úr áttunda, níunda og tíunda bekk sem er ekki sama um fólkið í kringum sig og heiminn allan.

Námskeiðið fer fram á sunnudögum frá kl. 16:16 til 18:18 nema annað sé auglýst. Dagskráin hefst hvern dag með því að við hittumst á neðri hæð kirkjunnar. Aðalleiðbeinandi á námskeiðinu er Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju, en hann hefur kennt á námskeiðum um notkun á Kompás, handbók Evrópuráðsins í mannréttindafræðslu, víða um land upp á síðkastið. Með honum verða Samuel Örn Péturs-

son og Guðrún Ösp Erlingsdóttir, bæði nemendur í VMA, en þau tóku meðal annars þátt í mannréttindaverkefni Glerárkirkju „We're Human, right?“

Hápunktur starfsins á haustönn verður vafalaust ferð á landsmót æskulýðsfélaga sem haldið verður á Selfossi 28. til 30. október. Aðeins krökkum sem eru með toppmætingu á námskeiðið býðst að koma með. Upplýsingar um verð og annað vegna ferðarinnar verða veittar þátttakendum þegar nær dregur.

Yfirlit yfir dagskrána má finna á vef Glerárkirkju, [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is).

**ATH:** Hver samvera endar með B & B ... það er bæn og biblíuorð!



## Krossbandið

Krossbandið er „Lítið band með stórt hjarta“ sem sér um tónlistarflutning um það bil einu sinni í mánuði í Glerárkirkju. Í daglegu tali köllum við þetta „léttmessur“ og yfirleitt er um kvöldguðsþjónustur að ræða. Við höfum okkar eigin „sálmabók“ og allir taka þátt í söngnum. Lögin eru í bland léttir sálmur, gömul alþýðulög og jafnvel dægurlög, sem mörg hver passa vel inn í kirkjulegar athafnir. Við höfum það fyrir sið að leika ljúfa tónlist á undan athöfnum meðan fólk er að koma sér fyrir. Þar fáum við útrás fyrir spilapörfina. Krossbandið hefur ferðast töluvert um landið í gegnum tíðina og horfir til frekari landvinninga í þeim efnum.

Krossbandið skipa þau Snorri Guðvarðsson, Ragnheiður Júlíusdóttir, Stefán Gunnarsson og Haukur Pálmason.

## Kór Glerárkirkju

Kór Glerárkirkju æfir á fimmtudagskvöldum kl. 20:00. Starfið er fjölbreytt og lifandi eins og pistill formanns ber með sér:

Á vordögum fór kórinn í söngferðalag austur á land, söng á Vopnafirði og Þórshöfn og tókst sú ferð vel. Að loknu sumarfrí er starfssemi nú komið í fullan gang og æfingar hafnar fyrir tónleika sem kórinn tekur þátt í þann 30. september. Um er að ræða minningartónleika sem heita „Í minningu Sissu“ Þar mun koma fram fjöldi listamanna og flytja tónlist af ýmsu tagi.

Mikill hugur er í kórfélögum því stefnan er tekin á alþjóðlegu Franz Schubert kórakeppnina sem haldin er í Vínarborg. Æfingar fyrir hana munu

hefst af krafti í október auk þess sem kórinn æfir fyrir árlega jólatónleika.

Ljóst er því að annasamur vetur er framundan og næg verkefni að glíma við fyrir stjórn kórsins, kórfélaga og stjórnanda.

Stjórn kórsins skipa nú:

Kristín Sigtryggisdóttir, Eva Úlfisdóttir, Sverrir Meldal, Hólmfríður Stefánsdóttir og Gutti Guttesen. Stjórnandi er Valmar Vállaots.

Virkir félagar eru um fjörutíu talsins þar af nokkrir sem gengu til liðs við kórinn nú í haust og bjóðum við þá hjartanlega velkomna. Enn getum við bætt við körlum og þá sérstaklega tenórum !!

## Foreldramorgnarnar



Á fimmtudögum eru foreldrar ungra barna sérstaklega boðnir velkomnir í safnaðarsal Glerárkirkju. Þar tekur sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir á móti þeim sem vilja taka þátt í foreldramorgnarnarstarfinu. Boðið er upp á ríkulegt morgunverðarhlaðborð á vægu verði og öll aðstaða fyrir barnavagna og foreldra ungra barna til fyrirmyndar. Tíminn frá 10:00 til 12:00 er fljótur að líða hjá í samfélagi við aðra foreldra.

### TTT – Félagstarf fyrir tíu til tólf ára

Krökkum úr fimmta, sjötta og sjöunda bekk býðst að taka þátt í fjölbreyttu tómstundastarfi í Glerárkirkju alla laugardaga kl. 16:00 til 17:30. Umsjón með dagskránni hafa Stefánía Tara Þrastardóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir og Samuel Örn Pétursson, framhaldsskólarnemar. Þau hafa öll tengst starfinu í Glerárkirkju síðustu ár og meðal annars lokið farskóla leiðtogaefna. Framundan er meðal annars ferðalag í Fjallabyggð þar sem gist verður í eina nótt. Síðasta

vetur var m.a. gist á Hrafnagili og hjá lögð mynd tekin við það tækifæri.



### Hafdís og Klemmi í sunnudagaskólanum

Á sunnudögum er barnastarf í Glerárkirkju, opið öllum áhugasömu fólki, stuttu, löngu, mjóu, feitu, glöðu, þreyttu fólki, öllum sem vilja syngja, hlusta á sögur, horfa á stutt myndband með Hafdísi og Klemma, og eiga góða stund saman. Hópur ungs fólks á framhaldsskólaaldri og úr tíunda bekk sér um stundirnar. Sameiginlegt upphaf er í messunni klukkan ellefu!

### KNS – Félagstarf fyrir framhaldsskólanemendur

Ungt fólk á framhaldsskólaaldri er boðið sérstaklega velkomnið á svokallaða KNS fundi sem haldnir eru annan hvern föstudag í Sunnuhlíð, félagsheimili KFUM og KFUK, en um samstarfsverkefni við Glerárkirkju er að ræða. Framundan er ferð á skólamót KSS í Vatna-

skógi síðustu helgina í september og fer hver að verða síðastur að bætast í hópinn. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Jóhann (699 4115) eða Pétur (864 8451) sem fyrst. Upplýsingar um fundina er að finna á Facebook síðu hópsins.

## Samræðukvöld um trúna á Krist, guðspjöllin og nútímann

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi í samstarfi við Glerárkirkju stendur fyrir samræðukvöldum á miðvikudögum kl. 20 í október og nóvember eins og undanfarin misseri. Tilgangurinn með þeim er að skapa vettvang til samtals um kirkju og kristni og eru allir sem áhuga hafa velkomnir til að taka þátt í samtalinu.

Hvert kvöld hefst með helgistund og tveggja manna tali klukkan átta. Þar ræða tveir einstaklingar efni kvöldsins. Í kringum níuleytið er tekið stutt kaffihlé áður en að almenningar umræður hefjast.

Að þessu sinni leggjum við aðallega bók páfa „Jesús frá Nasaret“ til grundvallar umræðunnar. Í bókinni birtist áhuga-verð samfélagsrýni fræðimannsins Josephs Ratzinger, en þetta er fyrsta bók hans eftir að hann settist á páfastól sem Benedikt XVI. Bókin er innlegg í samtalið á milli samfélagsins og kristninnar.

Á þessum átta samræðukvöldum er leitast við að kalla til samtals um helgustu rit kristninnar, guðspjöllin. Meðal annars er horft til sögunnar, spurt um raunveruleikatengingar, málefnum kirkju velt upp, guðfræðin krufin til mergjar, rýnt í tengsl leikhúss og helgihalds, sjóðir bókmennta og lista nýttir til samtals og tengsl guðspjallanna við menningu, siðferði og samfélag skoðuð.

Dagskrárlok eru hvert kvöld klukkan tíu. Kynning á kvöldunum er að finna á vefjum kirkjunnar en auk þess verður hægt að fylgjast með umræðunni á [www.kirkjan.is/naust](http://www.kirkjan.is/naust) og [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is).

Umsjón með kvöldunum hafa Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju og sr. Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

**ATH: Sögur og leikir er dagskrá á mánudögum frá 14:30 til 15:00 fyrir krakka úr fyrsta til fimmta bekk!**

# Helgihald í Gleráarkirkju á næstunni

## Sunnudagurinn 25. september

- Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni, þjóna. Barnakór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Hjördísar Evu Ólafsdóttur. Organisti er Risto Laur.
- Sunnudagaskóli í safnaðarheimili á sama tíma. Sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni. **Fermingarbörn vetrarins hvött til að mæta í guðsþjónustuna með foreldrum sínum – fundur með prestum um fermingarfræðsluna í safnaðarsal að guðsþjónustu lokinni.**

## Sunnudagurinn 2. október

- Messa kl. 11. Félagar úr Kór Gleráarkirkju leiða söng. Organisti er Valmar Völjaots.
- Sunnudagaskóli í safnaðarheimili á sama tíma. Sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.

## Sunnudagurinn 9. október

- Messa kl. 11. Félagar úr Kór Gleráarkirkju leiða söng.
- Sunnudagaskóli í safnaðarheimili á sama tíma. Sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.

## Sunnudagurinn 16. október


- Messa kl. 11. Félagar úr Kór Gleráarkirkju leiða söng.
- Sunnudagaskóli í safnaðarheimili á sama tíma. Sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.
- Kvöldguðsþjónusta kl. 20. ATH: Breyttur tími! Mikill söngur og fyrirbærir. Krossbandið sér um tónlistina.

## Sunnudagurinn 23. október

- Messa kl. 11. Félagar úr Kór Gleráarkirkju leiða söng.
- Sunnudagaskóli í safnaðarheimili á sama tíma. Sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.

## Sunnudagurinn 30. október

- Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Barnakór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Hjördísar Evu Ólafsdóttur. Organisti er Risto Laur.



- Sunnudagaskóli í safnaðarheimili á sama tíma. Sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.

- Kvöldguðsþjónusta með Kór Gleráarkirkju kl. 20.

## Sunnudagurinn 6. nóvember

- Messa kl. 11. Félagar úr Kór Gleráarkirkju leiða söng. Organisti er Valmar Völjaots.
- Sunnudagaskóli í safnaðarheimili á sama tíma. Sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.

## Sunnudagurinn 13. nóvember

- Messa kl. 11. Félagar úr Kór Gleráarkirkju leiða söng. Organisti er Valmar Völjaots.
- Sunnudagaskóli í safnaðarheimili á sama tíma. Sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.
- Kvöldguðsþjónusta kl. 20. Mikill söngur og fyrirbærir. Krossbandið sér um tónlistina.

## Sunnudagurinn 20. nóvember

- Messa kl. 11. Félagar úr Kór Gleráarkirkju leiða söng.
- Sunnudagaskóli í safnaðarheimili á sama tíma. Sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.

## Sunnudagurinn 27. nóvember

### – FYRSTI SUNNUDAGUR Í AÐVENTU

- Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Barnakór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Hjördísar Evu Ólafsdóttur. Organisti er Risto Laur.
- Sunnudagaskóli í safnaðarheimili á sama tíma. Sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.
- Kvöldguðsþjónusta með Kór Gleráarkirkju kl. 20.

## MUNIÐ HÁDEGISSAMVERURNAR ALLA MIÐVIKUDAGA KL. 12:00.

Fyrirbænaefnum má koma  
til presta kirkjunnar  
á viðtalstíma.

## SAMVERUR ELDRI BORGARA VERÐA EFTIRTALDA FIMMTUDAGA KL. 15:00

Í október: Fimmtudaginn 13. október  
Í nóvember: Fimmtudaginn 17. nóvember  
Í desember: Fimmtudaginn 15. desember

Samverurnar eru öllum opnar, aldur skiptir ekki máli! Kaffihlaðborð að hætti Rósu á vægu verði.

**Fjölbreytt og áhugaverð dagskrá  
í umsjón presta kirkjunnar.**

## Gleráarkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 462 7676 (heima) og 864 8455 (gsm). Netfang: [gunnlaugur@glararkirkja.is](mailto:gunnlaugur@glararkirkja.is)

Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm). Netfang: [arna@glararkirkja.is](mailto:arna@glararkirkja.is)

Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864 8451 (gsm). Netfang: [petur@glararkirkja.is](mailto:petur@glararkirkja.is)

## Starfsfólk Gleráarkirkju

Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason. Hann er við á virkum dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju), 462 2491 (heima) og 864 8453 (gsm). Netfang: [sverrir@glararkirkja.is](mailto:sverrir@glararkirkja.is) Organisti er Valmar Völjaots. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og 849 2949 (gsm).

Netfang: [valmar@glararkirkja.is](mailto:valmar@glararkirkja.is)

Kirkjuverðir eru Sigríður Albertsdóttir, gsm 847 9025 og Jón Oddgeir Guðmundsson, gsm 894 4301.

Umsjón með eldhúsi hefur Sigurrós Anna Gísladóttir, gsm 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Gleráarkirkju er að finna á [www.glararkirkja.is](http://www.glararkirkja.is)

Gleráarkirkja: Sími 464 8800 – Fax: 464 8809 – [www.glararkirkja.is](http://www.glararkirkja.is) – [glararkirkja@glararkirkja.is](mailto:glararkirkja@glararkirkja.is)

